



Erindisbréf fyrir Hafnarstjórn

*Samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar
þann 31. janúar 2019*

Stjórnskipuleg staða

Hafnarstjórn starfar í umboði bæjarstjórnar að málefnum hafna Stykkishólmsbæjar samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni. Eftirtaldar stofnanir starfa á verksviði stjórnarinnar:

Stykkishólmshöfn

Skipan stjórnarinnar

Í Hafnarstjórn eiga sæti fimm fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri og hafnarstjóri rétt á að sitja fundi stjórnarinnar, með málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin getur einnig boðið öðrum til fundar varðandi tiltekin mál.

Stjórnin kýs formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, varaformann og ritara stjórnarinnar á fyrsta fundi sínum.

Hlutverk

Meginhlutverk stjórnarinnar er sem hér segir:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í málefnum hafna Stykkishólmsbæjar.
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í hafnamálum bæjarfélagsins.
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga.
- að starfa með hafnarstjóra og hafnarverði.
- að gera tillögur um úrbætur á því sviði sem undir hana heyrir.

Stjórnin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og það leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í stjórninni að setja ávallt almannahagsmunum ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa. Jafnframt skal stjórnin stuðla að tengslum og samstarfi við aðra hagsmunaaðila.



Sé stjórninni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir stjórnar. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu bæjarstjórnar.

Verkefni

Helstu verkefni stjórnarinnar eru sem hér segir:

- Hafa á hendi stjórn Stykkishólmsbæjar og hafnarsjóðs í samræmi við hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmshöfn.
- Hafnarstjórn skal innan valdsviðs síns gæta hagsmuna Stykkishólmsbæjar og fylgjast með rekstri og stöðu á viðhaldi Stykkishólmsbæjar.
- Vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í hafnamálum.
- Vinna ásamt hafnarstjóra að nauðsynlegum undirbúningi stefnumótunar fyrir hafnir bæjarins.
- Gera tillögur um úrbætur til bæjarstjórnar á starfsemi hafna bæjarins og eftir atvikum að taka þátt í gerð fjárhagsáætlunar.
- Fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið hafnarstjórnar.
- Eiga í samstarfi við siglingasvið Vegagerðarinnar og aðra aðila sem ráðgjöf geta veitt.
- Fjalla um skipulag á hafnasvæðum, gera tillögur að breytingum og veita umsögn um skipulagsmál á hafnasvæðum.
- Vinna og leggja fram tillögur um framkvæmdir og viðhald við hafnargerð hverju sinni, eftir atvikum í samráði við samgönguyfirvöld.
- Fylgjast með og fjalla um landbrot á hafnasvæðum.
- Gera tillögur til bæjarstjórnar um gjaldtöku vegna gjaldskyldrar starfsemi sem heyrir undir verksvið stjórnarinnar.
- Gera tillögur til bæjarstjórnar um útgáfu fræðsluefnis og hvers kyns aðra kynningu fyrir íbúa Stykkishólmsbæjar, fyrirtæki og stofnanir um þau mál sem falla að verksviði stjórnarinnar.
- Fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur stjórninni.

Starfshættir

Um starfshætti er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar og skal þeim fylgt, eftir því sem við á.

Stjórnarformaður eða varamaður í forföllum hans skal boða eða lætur boða fundi stjórnarinnar í samráði við hafnarstjóra og bæjarstjóra. Fundarboðun skal vera skrifleg eða rafræn með tölvupósti, þar sem fundarstaður er tilgreindur, tími og dagskrá fundar. Fundarboð skal sent stjórnarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Stjórnarformaður stýrir fundum stjórnarinnar skv. 39. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar.



Hafnarstjórn kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaaætlun. Skal stjórnin gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi, að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Stjórnin skal halda gerðarbók. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Stjórnin getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu og skal það þá gert í samræmi við 16. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar. Þegar fundargerð er tölvuskráð skal bóka í gerðabók helstu grundvallaratriði um upphaf og lok fundar, hverjir sátu fundinn og hve margar blaðsíður hin tölvuskráða fundargerð er.

Í fundargerð skal skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu stjórnarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana.

Formaður stjórnarinnar ber ábyrgð á að fundargerðum sé komið til ritara/aðstoðarmanns bæjarstjóra sem hefur umsjón með að fundargerðin verði lögð fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Eftirfylgni

Stjórnarformaður og aðrir stjórnarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra og/eða hafnarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktar stjórnarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

Réttindi og skyldur stjórnarmanna

Um réttindi og skyldur stjórnarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar eftir atvikum.

Stjórnarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum skal aðalmaður tilkynna forföll til formanns, eins fljótt og auðið er, og óska eftir því að varamaður verði boðaður. **Skal aðalmaður í þeim tilvikum þó jafnframt bera ábyrgð á því að upplýsa staðgengil sinn um forföll sín í þessu sambandi.**

Hver stjórnarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til stjórnarformanns og hafnarstjóra a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa almannahagsmuni og hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við stjórnarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum stjórnarinnar.



Fulltrúar í stjórninni og þeir sem sitja fundi hennar eru bundnir þagnarskyldu. **Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.** Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó að látið sé af störfum.

Stjórnarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nána venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti, sbr. 17. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmbæjar, 20. gr. sveitarstjórnarlaga og eftir atvikum ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga.

Stjórn tekur ákvörðun um hæfi stjórnarmanns. Stjórnarmaður sem hlut á að máli tekur þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Stjórnarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal stjórnin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið hennar heyrir, sérstaklega þó hafnalögum nr. 61/2003 og hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmshöfn nr. 633/2005. Þá skal stjórnin fylgja samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar.